

Mánudaginn 19. desember 1938.

Nr. 104/1938. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)  
 gegn

**Ólafi Kjartani Ólafssyni**  
 (Eggert Claessen).

Ólögleg áfengissala.

### Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningssmannanna Lárusar Fjeldsted og Eggerts Claessen, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. sept. 1938.

Ár 1938 föstudaginn þann 16. september var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af

Valdimar Stefánssyni, fulltrúa lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1667/1938: Valdstjórnin gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni, er var tekið til dóms þann 15. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni, atvinnulausum, til heimilis á Skólavörðustíg 46 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir svo kunnugt sé sætt eftirtöldum kærum og refsingum.

- 1927  $1\frac{1}{2}$  Kærður fyrir hlutdeild í innbrotspjófnaði. Mál-ið afgreitt til dómara.
- 1933  $1\frac{1}{11}$  Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 500 kr. sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.
- 1934  $2\frac{1}{2}$  Dómur hæstaréttar, 400 kr. sekt fyrir brot gegn 42. gr. áfengislaganna.
- 1934  $1\frac{1}{3}$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði skilorðsbundið fyrir innbrotspjófnað og in solidum 150 kr. skaðabætur.
- 1934  $2\frac{1}{6}$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 300 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögnum og ósvifni við lög-regluna. Staðfest í hæstarétti  $2\frac{1}{2}$  1935.
- 1934  $2\frac{1}{10}$  Dómur hæstaréttar, fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi í 20 daga og 800 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. 1. nr. 64/1930.
- 1934  $\frac{5}{12}$  Sætti 100 kr. sekt fyrir slagsmál.
- 1935  $1\frac{1}{6}$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 4 mánaða fang-elsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og ólöglega vinnautn í veitingahúsi.
- 1935  $\frac{1}{2}$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betr-unarhúsvinna fyrir þjófnað.
- 1936  $\frac{1}{10}$  Sætti 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.
- $3\frac{1}{12}$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fang-elsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. 1. nr. 51 1928 sbr. 231. gr. 4. mgr. hegningarlaganna og 17. gr. sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaganna.
- 1937  $1\frac{1}{6}$  Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 1000 kr. sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.

- 1937  $2\frac{3}{4}$ <sub>1</sub> Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 300 kr. sekt og sviptur ökuleyfi æfilangt fyrir ölvun við bifreiðaakstur.
- 1938  $1\frac{3}{4}$  Sætti 30 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. reglug. 105/1936 um skotvopn o. fl.
- 1938  $3\frac{3}{4}$  Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. sbr. 33. gr., 1. og 2. mgr., áfengislaga nr. 33/1935.
- 1938  $2\frac{3}{8}$  Kærður af Maríu Guðmundsdóttur, Hverfisgötu 94, fyrir árás. Sent barnaverndarnefnd.

Með eigin játningu kærðs er sannað, að hann hefir frá byrjun þessa mánaðar selt áfengi á heimili sínu ýmsum mönnum, er þangað komu og föluðu vin. Álagning á hverja áfengisflösku var kr. 2.50—3.75, og var ágóði hans af áfengissölu einu tekjur hans um tímabilið, og nægðu þær honum til að lifa af. Hve mikil salan var, hefir kærður ekki talið sig geta skýrt frá með neinni vissu, en telur hana ekki hafa verið verulega, en eins og á stendur verður hún þó að teljast hafa verið stunduð í atvinnuskyni.

Hefir kærður þannig brotið 15. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans samkvæmt 33. gr., 1. og 2. mgr., sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og 2200 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað hennar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan sakarkostnað. Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

#### Því dæmist rétt vera:

Kærður, Ólafur Kjartan Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og greiði 2200 krónur í sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.